



Akureyri, 19. nóvember 2021

**Pétur Ingi Haraldsson**  
Sviðsstjóri Skipulagssviðs

## Hvannavellir 10

### Umsókn um heimild til að vinna deiliskipulag

Landslag ehf. fyrir hönd BB Bygginga ehf. (kt. 550501-2280) óskar eftir heimild til að hefja vinnu við deiliskipulag lóðarinnar við Hvannavelli 10.

Fyrirspurn vegna Hvannavalla 10 var tekin fyrir á fundi skipulagsráðs 15. september 2021 og var eftirfarandi bókað vegna málsins:

*Erindi Haraldar S. Árnasonar dagsett 8. september 2021 fyrir hönd Klettaborgar ehf. þar sem kynnt er tillaga að nýju fjögurra hæða fjölbýlishúsi með inndreginni 5. hæð á lóðinni Hvannavöllum 10. Er gert ráð fyrir 23 íbúðum í húsinu og samtals 23 bílastæðum þar af 16 í bílakjallara.*

*Skipulagsráð tekur jákvætt í að byggt verði fjölbýlishús á lóðinni í stað núverandi húss. Forsenda uppbyggingar á lóðinni er að unnið verði deiliskipulag fyrir lóðina og næsta nágrenni.*

*Skipulagsráð felur sviðsstjóra skipulagssviðs að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir svæðið.*

BB Byggingar ehf. hefur keypt lóðina af Klettaborg ehf.

Í deiliskipulagi verður gert ráð fyrir því fjölbýlishúsi á lóðinni sem kynnt var á fundi skipulagsráðs 15. september 2021.

F.h. Landslags ehf.

**Ómar Ívarsson**  
Skipulagsfræðingur SFFÍ

**Landslag ehf**  
Kaupangi v/Mýrarveg - 600 Akureyri